| Nr.: GÁT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags: 30.08.2011 | | |
| Höfundur: HRS | NSFXS12<br>Kennsluáætlun vor 2015 | |
| Samþykkt: SHJ | | |
| Síða 1 af 1 | | |

| Kennari | Rögnvaldur R. Símonarson | Sk.st. | RÖS |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Náms- og starfsfræðsla er bóklegt nám sem kennt er samhliða starfsnámi nemenda starfsbrautar á 3. og 4. ári. Nemendur skoða vinnumarkaðinn á Akureyri. Farið er yfir gagnkvæmar skyldur vinnuveitenda og starfsmanna, yfir öryggis- og umhverfismál, hættur og hollustu. Þá er einnig fjallað um þátt stéttarfélaga og hlutverk þeirra. Nemendur kynnast helstu atvinnufyrirtækjum í nærsamfélaginu og þeim möguleikum sem standa þeim til boða m.t.t. atvinnuþátttöku.

**Markmið:**
- Að nemendur kynnist atvinnufyrirtækjum í nærumhverfinu og skiptingu þeirra í eftirfarandi þrjá megin flokka; þjónustuleið á almennum markaði, þjónustuleið á opinbera markaðinum og frumframleiðsluleið.
- Að nemendur kynnist þeim atriðum sem taka ber tillit til við starfsval og þeim fjölda starfsheita í atvinnulífinu
- Að nemendur þekki tilgang starfa og mikilvægi þess í tengslum við önnur störf
- Að nemendur fræðist um öryggi og hollustuhætti á vinnustað

**Námsgögn:**
Myndbönd, gátlistar og önnur ljósrit

**Áætlun um yfirferð:**
Vinnumarkaðurinn er skoðaður og hvernig hann skiptist í þrjá megin flokka; þjónustuleið á almennum markaði, þjónustuleið á opinbera markaðinum og frumframleiðsluleið. Í annarri lotu er áfram unnið með öryggismál og hollustuhætti á vinnustað og sérstöðu í hverjum flokki fyrir sig. Þá er farið í mismunandi starfsheiti, fjölda þeirra og verkefni tengdum þeim. Einnig er farið yfir starfssnámsgátlista og þau atriði sem skipta máli varðandi vinnuna. Jafnframt og samhliða þessu er alla önnina farið yfir stöðu starfsnámsins og vandamál sem kunna að koma upp og þau rædd. Í þriðju og síðustu lotu eru lok starfsnámsins undir búinn. Nemendur gera sjálfsmat. Farið yfir starfsmatið með atvinnurekanda og síðan nemendum og þeim kynntar niðurstöður þess.

**Verkefni:** Tímaverkefni

**Námsmat og vægi námsþátta:** Mætingar, áhugi og virkni 40%. Verkefni 30%. Próf 30%

Dagsetning:

____________________________ ________________________________
Undirritun kennara Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils